




Hluti gildandi deiliskipulags sem tók gildi 29.01.2018



Deiliskipulagsbreyting - tillaga



Hluti úr aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025

Kaldársel, Kaldárbotnar og Gjárnar - deiliskipulagsbreyting
Breyting á afmörkun, stækkun bílastæða

GREINARGERÐ

Þörf er á að stækka núverandi bílastæði við Gjárnar vegna fjölgunar á fólki sem kemur á svæðið til að njóta útivistar. Áætluð bílastæði ná innfyri núverandi deiliskipulagsmörk Sléttuhlíðar og þarf því að breyta skipulagsmörkum. Breytingin felur í sér að hluti syðri enda deiliskipulags Sléttuhlíðar er felldur niður að hluta og flyst yfir í deiliskipulag Kaldársels og Gjárna ásamt því að bæta við núverandi bílastæði.

Áætluð ný bílastæði liggja við veginn, norðvestan við núverandi stæði. Gert er ráð fyrir 30 nýjum stæðum og 2 rústæðum sem ná yfir tæplega 1300m².

Bílastæðin ná inn á eldhraun sem eru vernduð skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013 sem skal forðast að raska. Allar framkvæmdir eru því háðar leyfi Hafnarfjarðarkaupstaðar og Umhverfisstofnunar.

Bílastæðin eru einnig innan marka öryggissvæðis vegna grunnvatns og þarf því að afla heimildar heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fyrir framkvæmdinni, sjá nánar í greinargerð deiliskipulagsins og samþykkt um verndarsvæði vatnsbólanna innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555, samþykkt 19 júní 2015.

Suðvestan við stæðin eru minjar um fjárbúskap sem skráðar voru í tengslum við gerð deiliskipulagsins. Bílastæðin eru í meira en 15 metra fjarlægð frá minjunum og eru þær því ekki í hættu vegna framkvæmdarinnar.

Framkvæmdin fellur ekki undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Ekki er talið að framkvæmdin muni hafa neikvæð umhverfisáhrif heldur mun framkvæmdin styrkja svæðið sem útivistarsvæði.

Skýringar

	Skipulagsmörk		Stofnæð
	Afmörkun breytingar		Lóðamörk
	Grannsvæði vatnsverndar		Bílastæði
	Öryggissvæði vatnsverndar		Upplýsingaskilti
	Aðalstígar/		Rafmagnskassi
	Göngustígar		Fornminjar/ 15 metra buffer
	Útsýnispallur og brú		

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGID HEFUR
MÁLMEÐFERÐ SKV. 3 MGR. 44 GR. SKIPULAGSLAGA NR 123 / 2010
VAR SAMÞYKKT AF SKIPULAGS- OG BYGGINGARRÁÐI
HAFNARFJARÐAR ÞANN _____

SAMÞYKKT DEILISKIPULAGSBREYTINGARINNAR VAR AUGLÝST Í
B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN _____

KALDÁRSEL, KALDÁRBOTNAR OG GJÁRNAR
DEILISKIPULAGSBREYTING - TILLAGA
BREYTT AFMÖRKUN OG FJÖLGUN BÍLASTÆÐA

KVÁRDI-A3: 1:5000	TEIKN NR:	
DAGS: 21.09.2020	HANNAD: PH	
FLOKKUR: 1400	TEIKNAD: HN	
SKRÁ: 20127-Kaldarsel-pl-br.dwg/ERKNR:	20127	

